



Fundargerð hreppsnefndar 05. janúar 2017

Fundargerð

Fundur nr. 53 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur var haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 5. janúar 2017 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Fundinn sátu Eyjólfur Sigurðsson oddviti, Stefán Grímur Rafnsson, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Bárður Jónasson, Sigríður Bragadóttir og Magnús Þór Róbertsson.

Einnig sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir:

- a) Menningarmálanefndar dags. 5. desember 2016, samþykkt samhljóða
- b) Nefndar um byggingu vallahúss dags. 6. desember 2016, lög fram til kynningar.
- c) Vinnuhóps um málefni Jónsvers dags. 9. desember 2016, lögð fram til kynningar
- d) Nefndar um málefni Finnafjarðarverkefnisins dags. 19. desember 2016, lögð fram til kynningar
- e) Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 19. desember 2016, samþykkt samhljóða
- f) 3. fundar stjórnar SSA, lögð fram til kynningar
- g) Sveitarstjóra á Austurlandi með fulltrúum Austurbrúar dags. 6. desember 2016, lögð fram til kynningar
- h) 390. fundar Hafnarsambands Íslands, lögð fram til kynningar
- i) 132. fundar HAUST, lögð fram til kynningar
- j) 150. fundar Félagsmálanefndar, lögð fram til kynningar
- k) 845. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, lögð fram til kynningar

2. Almenn mál:

a) Drög að samningi um Finnafjarðarverkefnið milli Vopnafjarðarhrepps og Langanesbyggðar lagður fram. Samningurinn er unnin af lögfræðingi Vopnafjarðarhrepps í samvinnu við sveitarstjóra sveitarfélaganna. Í framhaldi af umræðum um samninginn var hann borinn upp til afgreiðslu og samþykktur samhljóða, með breytingum á 8. gr. Sem hljóðar þannig: „Sveitarstjórnir Vopnafjarðarhrepps og Langanesbyggðar gera sér grein fyrir stærð verkefnisins og þeim áhrifum sem það getur haft á sveitarfélögin, landshlutann og þjóðarbúið til frambúðar. Það er því mikilvægt að vanda til verka og sem flestir íbúar sveitarfélaganna komi að málinu og verði sem best upplýstir um áhrif verkefnisins í heild sinni á samfélögin.

b) Sveitarstjóri fór yfir reglur um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings fyrir Vopnafjarðarhrepp. Reglurnar byggja á lögum um húsnæðisbætur, nr. 75/2016 sem tóku gildi þann 1. janúar 2017. Reglurnar voru samþykktar samhljóða.

c) Lögð voru fram drög að samningi við Ungmennafélagið Einherja. Um er að ræða endurnýjun á samningi sem fallinn var úr gildi milli sveitarfélagsins og Einherja. Samningurinn var lagður fyrir æskulýðs- og íþróttanefnd til umsagnar og gerir nefndir ákveðnar tillögur um orðalagsbreytingar. Í framhaldi af umræðum um samninginn var samþykkt að sveitarstjóri fari betur yfir samninginn með hliðsjón af þeirri umræðu sem fram fór á fundinum. Samningurinn verði í framhaldinu lagður að nýju fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu.

d) Drög að samningi milli Vopnafjarðarhrepps og Austurbrúar um starfsstöð Austurbrúar á Vopnafirði lagðar fyrir fundinn. Drögin hafa verið kynnt forsvarsmönnum Austurbrúar og hafa engar athugasemdir verið gerðar við samninginn. Samningurinn samþykktur samhljóða.

e) Sveitarstjóri fór yfir drög að samningi milli Vopnafjarðarhrepps og J&S um rekstur á Kaupvangskaffi, sem aðilar samningsins hafa unnið drög að. Fyrri samningur milli aðila rann út 31. desember sl. Sveitarstjórn samþykkri samhljóða samninginn.

- f) Lagður fram til kynningar samningur milli Framhaldsskólans á Laugum og Vopnafjarðarhrepps um þjónustu sem sveitarfélagið veitir framhaldskóladeildinni og Laugaskóli greiðir fyrir.
- g) Sveitarstjóri fór yfir drög að útboðslýsingu sem hann hefur unnið vegna reksturs Miklagarðs. Um er að ræða tillögu frá sveitarstjóra að bjóða rekstur Miklagarðs út á grundvelli lýsingarinnar. Markmiðið með breyttu rekstrarformi, er að auka félags- og menningarstarf í sveitarfélaginu, bæta þjónustu við ferðamenn og nýta húsið betur. Í framhaldi af umræðu um málið, var ákveðið að fara nánar yfir útboðslýsinguna af sveitarstjórn og auglýsa reksturinn.
- h) Fimm aðilar hafa sýnt áhuga á aðkomu að skipulagsmálum sveitarfélagsins þeir eru, Landmótun, Yrki arkitektar, Steinsholt, Alta og Teiknistofa arkitekta Gylfa Guðjónssonar. Sveitarstjóri oddviti og varaoddviti eiga fundi í Reykjavík 16. -18. janúar nk. og munu funda með fjórum af þessum aðilum. Einn aðili er á Akureyri og reiknað er með fundi með viðkomandi 13. janúar nk. Í framhaldi af fundi með þeim verður lög tillaga til sveitarstjórnar varðandi aðila sem tæki að sér skipulagsmál fyrir sveitarfélagið.
- i) Lagður var fram úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis – og auðlindamála frá 20. desember sl. varðandi að samþykkja framkvæmdaleyfi fyrir strandblakvöll á lóðinni Lónabraut 4. Samþykkt að fá álit skipulags – og umhverfisnefndar um framhald málsins.
- j) Kynnt voru gögn frá aðilum sem svöruðu auglýsingu sveitarfélagsins frá október sl. varðandi aðkomu að ljósleiðaratengingu í Vopnafjarðarhreppi. Í framhaldi var samþykkt að sækja um styrk til Fjarskiptasjóðs vegna lagningar ljósleiðar í dreifbýli Vopnafjarðar fyrir árið 2017.
- k) Ársreikningur Björgunarsveitarinnar Vopna fyrir árið 2015 lagður fram til kynningar. Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð borin upp og samþykkt samhljóða.
- Fundi slitið kl: 19.20

[Eylgigögn fundar 050117.pdf](#)